

Framboð til aðalstjórnar LH

Sóley Margeirsdóttir – Hestamannafélagið Geysir & Máni

Sóley Margeirsdóttir, íþróttifræðingur og vinn sem grunnskólakennari í Laugalandsskóla í Holtum. Ég sit í stjórn LH og gef kost á mér til áframhaldandi setu. Ég vil halda áfram að leggja mitt af mörkum til að efla hestamennskuna í landinu.

Ég er uppalin í Hestamannafélaginu Mána á Suðurnesjum. Nú er ég flutt í sveitina og bý á Ytrivelli í Landsveit og er nú einnig félagsmaður í hestamannafélaginu Geysi. Hef verið í hestamennsku alla mína tíð ásamt fjölskyldu minni og er hestamennskan stór hluti af okkur enn í dag. Ég keppti mikið í yngri flokkunum en það hefur minnkað mikið - en þó einstaka sinnum farið á hringvöllin síðustu ár. Hef m.a rekið reiðskóla og verið með þjálfun fatlaðra á hestbaki.

Ég hef mikinn áhuga á félagsmálum og hef tekið þátt í ýmsum verkefnum hestamennskunnar. Ég hef starfað í æskulýðsnefnd LH síðan 2006, farið á vegum LH á Youth Camp og Youth Cup. Einnig hef ég verið í tölvunefnd LH og nú síðast í landsliðsnefnd LH. Ég fór með landsliðinu til Berlínar og var ungmennunum þar innan handar sem og öllu liðinu. Ég hef lagt mitt af mörkum í sjálfböðavinnu bæði fyrir LH, Geysi, Mána og önnur félög hvað varðar mótahald og uppbyggingu. Ég hef verið að stýra mótum og verið leiðbeinandi með Sportfeng. Í sumar tók ég þátt í vinnu og skipulagningu á Landsmóti hestamanna 2022 á Hellu og ásamt Íslandsmóti fullorðinna og ungmenna.

Ég mun leggja mitt af mörkum til að efla hestamennskuna í landinu.

Með kveðju  
Sóley Margeirsdóttir

